

Nd.

943. Frumvarp til iðnaðarlaga.

[38. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 39 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuíðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptabekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

8. gr. hljóðar svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

Í sveitum, kauptúnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.